



Félag löggiltra
endurskoðenda

Reykjavík 3. október 2012
Tilvísun FLE 30-2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
b/t Kristjönu Benediktsdóttur

Málefni: Frumvarp til laga um hlutafélög (opinber hlutafélög o.fl.) 102 mál.

Með tölvupósti dags. 27. september s.l. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til Álitsnefndar FLE sem tóku málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Í lok 3 greinar frumvarpsins segir „svo og eftir atvikum *endurskoðaða* dagskrá fundarins, t.d. á vef félagsins.“

Betur færi á því að tala um *breytta* dagskrá þar sem hugtakið endurskoðun hefur ákveðna merkingu í lögnum.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE